

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir vélageymslu á golfvelli Golfklúbbsins Bakkakots í Mosfellsdal, Mosfellsbæ.

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag í Laugabólslandi í Mosfellsdal, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 23. júlí 2004.

Deiliskipulagið heimilar byggingu á nýrri vélageymslu með 5 m mænishæð á athafna-svæði golfklúbbsins í næsta nágrenni við núverandi véla- og aðstöðuhús.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 2. desember 2004.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

REGLUR

um brottfellingu starfsreglna um öryggisfræðslu sjómanna, nr. 323/1988, með síðari breytingum.

1. gr.

Starfsreglur um öryggisfræðslu sjómanna, nr. 323/1988, með síðari breytingum falla brott.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 10. nóvember 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Húnaþings vestra.

1. gr.

Hitaveita Húnaþings vestra selur heitt vatn úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi sveitarfélagsins Húnaþings vestra og hún hefur umráðarétt yfir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð nr. 63/2001 með síðari breytingum staðfesta af iðnaðarráðherra fyrir Hitaveitu Húnaþings vestra.